

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 27. mars 2007, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ólafur Elísson, Þorsteinn Finnbogason, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið, yfirlit og það helsta framundan.

Skólameistari lagði fram yfirlit yfir það helsta í skólastarfinu frá síðasta fundi. Opnir dagar voru haldnir 1. og 2. mars + 9.mars og árshátíð þann 10 mars. Tókst það í aðalatriðum vel þó dyravarsla á árshátíð hafi brugðist og því ekki hægt að fylgja alveg öllum reglum sem lagt var upp með. Stjórnendur fóru 5. mars til fundar við Jennýju ráðgjafa okkar hjá Capacent til að skipuleggja lokaskrefin í innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats, sem notað verður við sjálfsmat skólans. Heimsókn nemendahóps frá Svíþjóð stóð frá 20. til 22. mars. Voru þar á ferð 20 nemendur og þrír kennarar frá Rekarneigymnasíet í Eskilstuna. Sérstakur íþróttadagur var 21. mars og heppnaðist vel. Páskaleyfi hefst svo 31. mars

2. Vinna nemenda í loðnufrystingu 2007.

Vinnu við loðnufrystingu er nú lokið og unnu samtals 67 nemendur eitthvað í Vinnslustöðinni og Ísfélaginu. Samtals voru veitt 206 leyfi (dagar eða nætur) á tímabilinu 8. febrúar til 7. mars Auk þess voru upb 30 leyfi veitt vegna löndunar til 10 nemenda. Þannig að um 30 % nemenda kom að vinnunni með upb 3 daga á mann að meðaltali. Þó áhrif á skólastarfið séu einhver var kennslu haldið áfram af fullum krafti allt þetta tímabil, nema opnu dagana sem komu þarna inni.

3. Kynningarefni – kynning í Smáralind.

Þáttaka í Eyja-degi í Smáralind 3. mars gekk vel og vakti kynningarbás skólans talsverða athygli. Með samstilltu átaki starfsmanna skólans og Hvíta hússins tókst að koma út líflegum og athyglisverðum kynningarbæklingi, ásamt plakati og einnig lét skólinn prenta á penna og dreifði þeim.

4. Sjálfsmat og úttekt á því.

Menntamálaráðuneytið hefur nú ákveðið að láta gera úttekt á sjálfsmati tíu framhaldsskóla, þar á meðal okkar skóla. Úttektaraðilar eru frá kennslufræði og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík og hafa nú þegar hafið störf, enda á að skila niðurstöðum til ráðuneytisins fyrir 31. maí 2007.

4. Önnur mál.

Byrjað er að huga að ráðningum kennara fyrir næsta starfsár, enda ljóst að einhverjar breytingar verða. Fyrir liggur umsókn frá Erlingi Richardssyni um eins árs launalaust leyfi. Aldís Gunnarsdóttir fer í barneignaleyfi og Helga Kristín áfangastjóri fer í launað orlof. Áslaug Tryggvadóttir snýr hinsvegar aftur úr orlofi.

Skólinn undirbýr nú ásamt fleiri aðilum umsókn um aðild að vaxtarsamningi Suðurlands og Vestmannaeyja í því skyni að efla og þróa þá samvinnu sem hafin er við sveitarfélög í Rangárþingi varðandi möguleika nemenda af því svæði til að stunda framhaldsnám. Farið var yfir það helsta úr félagslífi og fram kom að Freyja Haraldsdóttir mun heimsækja skólann að loknu páskaleyfi

Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 8. maí 2007.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:30
Ólafur H. Sigurjónsson.